|---|------|-------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| | | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Áætlun4 2009 | Áætlun4 2010 | Áætlun4 2011 |
| Eignasjóður fjárfestingar | | | | | | | |
| Menningar- og ferðamálasvið | 1103 | 105.000 | | 105.000 | 325.000 | 220.000 | 140.000 |
| Menntasvið | 1104 | 2.075.000 | | 2.075.000 | 2.680.000 | 2.267.000 | 1.825.000 |
| Íþrótt- og tómstundasvið | 1105 | 1.240.000 | | 1.240.000 | 1.220.000 | 1.390.000 | 1.200.000 |
| Leikskólasvið | 1106 | 465.000 | | 465.000 | 472.000 | 186.000 | 360.000 |
| Velferðasvið | 1107 | 580.000 | | 580.000 | 510.000 | 360.000 | 360.000 |
| Ýmsar fasteignir | 1108 | 195.000 | | 195.000 | 1.000.000 | 1.000.000 | 100.000 |
| Fasteignir og stofnbúnaður | | 4.660.000 | | 4.660.000 | 6.207.000 | 5.423.000 | 3.985.000 |
| Sameiginlegur kostnaður | 3100 | 754.000 | 5.717.000 | (4.963.000) | (2.626.000) | (2.444.000) | (2.417.000) |
| Þjóðvegir, hluti Reykjavíkur og aðrar umferðargötur | 3102 | 1.025.000 | | 1.025.000 | 585.000 | 995.000 | 465.000 |
| Nýbyggingahverfi | 3104 | 3.770.000 | | 3.770.000 | 2.975.000 | 2.130.000 | 1.495.000 |
| Endurnýjun í miðborginni | 3105 | 810.000 | | 810.000 | 555.000 | 305.000 | 280.000 |
| Gangstígar, göngubrýr, ræktun | 3106 | 435.000 | | 435.000 | 605.000 | 465.000 | 460.000 |
| Umferðaröryggismál | 3107 | 130.000 | | 130.000 | 130.000 | 130.000 | 130.000 |
| Ýmsar framkvæmdir | 3108 | 865.000 | | 865.000 | 800.000 | 735.000 | 560.000 |
| Kostnaður sem flyst á Fráveitu | 3109 | (754.000) | | (754.000) | (595.000) | (513.000) | (436.000) |
| Götur | | 7.035.000 | 5.717.000 | 1.318.000 | 2.429.000 | 1.803.000 | 537.000 |
| Áhöld, tæki og hugbúnaður | | 646.000 | | 646.000 | | | |
| Lóðir lönd og skipulagseignir | | 800.000 | | 800.000 | 800.000 | 800.000 | 800.000 |
| Eignasjóður fjárfestingar samtals | | 13.141.000 | 5.717.000 | 7.424.000 | 9.436.000 | 8.026.000 | 5.322.000 |

Forsendur

| | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|----------------|--------------------|------|------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fólksfjölgun í Reykjavík | 1,1% | 1,1% | 1,2% | 1,2% |
| Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla | 1,9% | 2,8% | 2,3% | 2,3% |
| Fjölgun íbúða | 1,4% | 1,7% | 1,6% | 1,5% |
| Aukning fermetra atvinnuhúsnæðis | 4,5% | 4,3% | 3,8% | 2,5% |

Efnahagsþróun

Þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar til árána 2009-2011 er sett fram í skugga óvenju mikillar óvissu um þróun efnahagsmála hér á landi sem og í umheiminum. Lánsfjáarkreppan sem hófst í Bandaríkjunum um mitt ár 2007 teygir anga sína til Íslands og setur íslensku bönkunum og viðskiptalífi öllu ný og verri skilyrði. Afar erfitt er að ráða í hversu langvarandi lánsfjáarkreppan verður, en ljóst má vera að áhrifa hennar mun gæta um langt skeið á aðgengi og kjör lána hér á landi. Áhrifa þessa gætir nú þegar á fasteignamarkaði sem orðið fyrir snöggri kólnun og hefur veruleg áhrif á Reykjavíkurborg.

Undirliggjandi forsenda þriggja ára áætlunar er að samdráttur verði á þessu ári og að hagvöxtur verði líklega neikvæður í ár. Reiknað er með umtalsverðum samdrætti þjóðarútgjalda og að hraður vöxtur útflutningstekna muni ekki ná að vega upp á móti. Horfur eru óvissari til árána 2009 til 2011 en hér er gengið útfrá því að samdráttur gangi tiltölulega hratt yfir og að hagvöxtur verði á þessum árum á bilinu 2,5-3,0%. Hér er horft til þess að íslenskur þjóðarbúskapur býr yfir miklum sveigjanleika auk þess sem framleiðslugetan hefur vaxið hratt á undanförunum árum. Hins vegar má benda á ýmsa neikvæða þætti svo sem mikla skuldsetningu þjóðarbúsins sem dregur úr svigrúm til athafna og fyrrgreinda fjármálakreppu. Það er mikilvægt að undirstrika þessa óvissu og hlýtur hún að móta fjármálastefnu borgarinnar.

Íbúafjöldi


Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru íbúar í Reykjavík alls 117.721 þann 1. desember 2007 og íbúafjölgun frá sama tíma 2006 var 1,1%. Fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu var mun meiri á þessum tíma eða 2,4% og töldust íbúar svæðisins alls 196.161 þann 1. desember 2007.

Nýleg mannfjöldaspá Hagstofu Íslands bendir til að Íslendingum muni fjölga árlega um 1% á næstu 10 árum. Fyrirliggjandi spá um íbúafjölgun í Reykjavík á næstu árum tekur mið af raunsæjum áformum um uppbyggingu í borginni. Samkvæmt þeim áætlunum mun borgarbúum fjölga ívið hraðar en landsmönnum í heild eða um 1,1-1,2% árlega. Borgarbúum á vinnualdri, 20-65 ára, fjölga hraðar en borgarbúum í heild eða um 1,5-2%.


Þegar litið er til fólksfjölgunar í Reykjavík á undanförunum árum kemur í ljós að sveiflur í fólksfjölgun má einkum rekja til flutninga. Þetta er sýnt í mynd 1. Búferlaflutningar til og frá borginni hafa verið undirorpnir miklum sveiflum síðustu árin og erfitt hefur verið að spá fyrir um þá.

Á mynd 2 eru búferlaflutningar til og frá borginni greindar nánar, sérstaka athygli vekur hversu margir fluttust frá Reykjavík til grannsvæitarfélögunna í fyrra eða nettó samtals um 1.900 manns.

Mynd 1: Fólksfjölgun og búferlaflutningar




Mynd 2: Nettóflutningar til borgarinnar gagnvart grannsveitarfélögum, landsbyggð og útlöndum



Fólksfjölgun hefur verið mun meiri í grannsveitarfélagunum en í Reykjavík, það er 3-4% undanfarin ár. Síðastliðin þrjú ár hefur íbúum landsbyggðar fjölgað allhratt, eins og sjá má á mynd 3.


Mynd 3: Breyting mannfjölda



Íbúðabyggingar er meðal þeirra þátta sem mestu skipta um íbúapróun. Byggingastarfsemi hefur verið umtalsverð í Reykjavík undanfarin ár og 700-800 nýjar íbúðir byggðar árlega. Fjölgun nýrra íbúða hefur hins vegar ekki fylgt fjölgun borgarbúa undanfarin ár í sama mæli og áður eins og mynd 4 sýnir hér á eftir.

Á síðasta ári jókst framboð nýs íbúðahúsnæðis verulega á öllu höfuðborgarsvæðinu. Með bættem samgöngum hefur búsetu- og atvinnusvæði í kringum Reykjavík stækkað og má halda því fram að það markist í raun af svæðinu frá Hvítá í Borgarfirði til Hvítár í Árnessýslu. Þegar horft er til alls þessa svæðis er framboð íbúðarhúsnæðis geysilega mikið. Snöggkæling fasteignamarkaðar setur mikinn strik í þennan reikning og viðbúið að hægt verði á áformum um byggingar í mörgum sveitarfélögum. Í Reykjavík eru mikil áform um íbúðabyggingar, svo sem í Úlfarsárdal og víðar. Í þessari áætlun er reiknað með að uppbygging takmarkist af eftirspurn og reiknað með að lóðum undir 700-800 íbúðir verði úthlutað árlega á næstu þremur árum.


Mynd 4: Fjölgun íbúa og fjölgun íbúða



Skatttekjur

Þriggja ára áætlun er sett fram á áætluðu verði og launum ársins 2008. Fyrir skatttekjur Reykjavíkurborgar skiptir þróun vinnumarkaðar og fasteignamarkaðar sköpum. Rauntekjur borgarinnar af útsvari ráðast fyrst og fremst af fjölda starfandi borgarbúa en þróunin veltur á fjölda fólks á vinnualdri, atvinnuþátttöku og atvinnuleysi. Á mynd 5 er sýnd breyting útsvarsstofns frá ári til árs umfram breytingu launavísitölu frá 1992 til loka áætlunartímabilsins.

Mynd 5: Breyting útsvarsstofns milli ára miðað við launavísitölu



Reiknað er með að atvinnuleysi aukist í Reykjavík þegar líður fram á haust 2008 og að það nái hámarki á árinu 2009 og verði þá um 3%. Í samræmi við forsendu um horfur í efnahagsmálum er gert ráð fyrir að úr atvinnuleysi dragi á árunum 2010 og 2011 og lækki niður í 2-2,5%. Jafnframt er gert ráð fyrir að atvinnuþátttaka (hlutfall fólks á vinnualdri í vinnu eða í virkri atvinnuleit) breytist í takt við eftirspurn á vinnumarkaði.

Forsendur og efnahagslegt umhverfi

Á þessum forsendum fæst að útsvarstekjur muni aukast um 3,5% eða sem nemur um 1.350 mkr. á áætlunartímabilinu. Áætlað er að útsvarstekjur lækki á milli árunna 2008 og 2009 en vaxi á ný frá 2009 til 2011.

Áætlun um fasteignagjöld tekur mið af áætlun um nýjar íbúðir sem teknar verða í notkun á árinu. Í heild er reiknað með að tekjur af fasteignagjöldum aukist sem nemur 1.540 mkr.

Samandregið gerir þriggja ára áætlun 2009-2011 ráð fyrir að skatttekjur aukist um tæplega 2.900 mkr. sem er 5,7% aukning frá 2007.

Þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar samanstendur af samstæðuáætlun, A og B hluta og er sett fram í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og reglur um fjárhagsáætlunargerð sem samþykktar voru af borgarstjórn 4. desember 2007. Þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar er grundvölluð á áherslum í málefnasamningi meirihluta borgarstjórnar. Hún tekur mið af því að skatttekjur og þjónustutekjur auk fjármagnstekna standi undir rekstri Aðalsjóðs og því markmiði að greiða niður langtímaskuldir. Jafnframt byggir hún á þeim forsendum sem lýst er hér að framan.

Samstæða A og B hluti

Samstæðuáætlun Reykjavíkurborgar samanstendur af A og B hluta. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að meirihluta í eigu borgarinnar. Fyrirtæki og rekstrareiningar sem falla undir B hluta eru: Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir, Orkuveita Reykjavíkur, Félagsbústaðir hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Íprótta- og sýningarhöllin hf., Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Félagsbústaða, Íprótta- og sýningahallar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B hluta rekin með þjónustutekjum vegna viðskipta við þriðja aðila.

Helstu niðurstöður A og B hluta og breytingar á milli ára er að finna í eftirfarandi töflu:

| Fjárhæðir í þkr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | | Breyting milli 2008-2011 |
|-------------------------|----------------|--------------------|---------|---------|-----------------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 | |
| Heildartekjur | 96.618 | 92.311 | 95.823 | 101.216 | 4,8% |
| Launagjöld | -38.273 | -38.288 | -38.966 | -39.421 | 3,0% |
| Önnur gjöld | -43.692 | -45.669 | -46.644 | -48.834 | 11,8% |
| Fjármagnsliðir | -3.418 | -2.140 | -2.571 | -3.250 | -4,9% |
| Rekstrarniðurstaða | 11.147 | 5.669 | 6.937 | 9.014 | -19,1% |
| Eignir | 356.111 | 383.004 | 408.895 | 429.100 | 20,5% |
| Heildarskuldir | 187.175 | 208.198 | 226.950 | 237.986 | 27,1% |
| Eigið fé | 168.927 | 174.798 | 181.936 | 191.105 | 13,1% |
| Fjárfestingarhreyfingar | -38.143 | -39.186 | -36.061 | -23.952 | -37,2% |
| Fjármögnunarahreyfingar | 31.132 | 23.384 | 20.660 | 12.463 | -60,0% |
| Handbært fé í árslok | 22.037 | 16.261 | 12.842 | 14.770 | -33,0% |


Áætlað er að rekstrarniðurstaða samstæðunnar verði jákvæð allt tímabilið eða á bilinu 5,7 til 9,0 mkr. en niðurstaðan 2008 var jákvæð um 11,1 mkr. Afkoma B-hluta er að batna á tímabilinu, hækkar úr 770 mkr. í 2,6 mkr.

Áætlað er að eignir aukist um 21% á tímabilinu og fari í 429 mkr. í árslok árið 2011. Breytingin skýrist fyrst og fremst af stofnframkvæmdum Orkuveitu Reykjavíkur og Eignasjóðs en einnig að hluta af nýjum uppgjörsaðferðum eigna Orkuveitu Reykjavíkur. Eigið fé eykst um 13% og er í lok tímabils 191 mkr. Áætlað er að skuldir aukist um 27% og eru við lok tímabils áætlaðar um 238 mkr. Vakin er athygli á því að B-hluta fyrirtæki önnur en Orkuveita Reykjavíkur áforma lántökur að fjárhæð 8,6 mkr. á tímabilinu en lántökur

Orkuveitu Reykjavíkur eru áætlaðar 62,7 mkr. Fjármálastjórn og fjárstýring B-hluta fyrirtækja verður sífellt mikilvægari fyrir Reykjavíkurborg og brýnt að koma að því með beinni hætti en hingað til. Sterk staða á handbæru fé samstæðunnar er einkum hjá Aðalsjóði.


Mynd 6: Rekstrarniðurstaða A og B hluta

Fjárhæðir í þús.kr.




Mynd 7: Heildarskuldir A og B hluta með og án lífeyriskuldbindinga

Fjárhæðir í þús.kr.



Mynd 8: Fjárfestingar A og B hluta

Fjárhæðir í þús.kr.



A hluti

A hluti Reykjavíkurborgar samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Undir A hluta heyrir rekstur sem að hluta eða öllu leyti er fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar í Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs.


Helstu niðurstöður A hluta og breytingar á milli ára er að finna í eftirfarandi töflu:

| Fjárhæðir í þkr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | | Breyting milli 2008-2011 |
|-------------------------|----------------|--------------------|---------|---------|-----------------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 | |
| Heildartekjur | 66.782 | 60.803 | 62.743 | 65.422 | -2,0% |
| Launagjöld | -30.524 | -30.772 | -30.772 | -31.141 | 2,0% |
| Önnur gjöld | -27.659 | -28.954 | -29.535 | -29.756 | 7,6% |
| Fjármagnsliðir | 3.339 | 3.406 | 3.432 | 3.462 | 3,7% |
| Rekstrarniðurstaða | 11.938 | 5.028 | 5.868 | 7.986 | -33,1% |
| Eignir | 99.500 | 100.915 | 103.082 | 107.396 | 7,9% |
| Heildarskuldir | 31.581 | 27.968 | 24.267 | 20.595 | -34,8% |
| Eigið fé | 67.919 | 72.947 | 78.815 | 86.801 | 27,8% |
| Fjárfestingarhreyfingar | 2.355 | -5.848 | -4.032 | 406 | -82,8% |
| Fjármögnunargreyfingar | -1.208 | -676 | -801 | -772 | -36,1% |
| Handbært fé í árslok | 21.135 | 15.452 | 12.182 | 14.087 | -33,3% |

Verulegar breytingar hafa verið gerðar á rekstri A hluta sem komu til framkvæmda í byrjun árs 2008. Hér er átt við stofnun nýs Eignasjóðs og sameiningu Eignasjóðs og Skipulagssjóðs. Gatnagerðargjöld og tekjur vegna byggingarréttar eru nú færð í Eignasjóði.


Áætlað er að rekstrarniðurstaða A-hluta verði 5 til 8 makt. á ári á tímabilinu í samanburði við um 12 makt. árið 2008, sem kemur til af óvenju miklum tekjum af sölu byggingarréttar á því ári.

Mynd 9: Rekstrarniðurstaða A hluta




Önnur rekstrargjöld hækka um 7,6%, einkum vegna mikilla bygginga- og gatnaframkvæmda á vegum Eignasjóðs sem koma í rekstur á tímabilinu. Áætlað er að eignir aukist um 8% á tímabilinu þannig að bókfært verð þeirra verði í lok tímabilsins 107 mkr. og eiginfjárstaðan batni um 28% og verði 86,8 mkr. í lok tímabils. Heildarskuldir lækka á tímabilinu um 35% sem bæði má rekja til Aðalsjóðs og Eignasjóðs. Nettó lánsfjárþörf A-hluta er nánast engin á tímabilinu þrátt fyrir miklar stofnframkvæmdir sem rekja má til sterkrar stöðu Aðalsjóðs á handbæru fé.

Mynd 10: Skuldir A hluti



Mynd 11: Rekstrarniðurstaða A hluta



Eignasjóður

Áætlað er að rekstrarniðurstaða Eignasjóðs lækki frá árinu 2008 sem skýrist af tekjum af sölu byggingaréttar. Tekjur vegna byggingaréttar eru áætlaðar alls 13,4 mkr. á tímabilinu. Í fjárhagsáætlun vegna 2008 er gert ráð fyrir að byggingarréttarsala nemi 9,8 mkr. en verði 3,7 mkr. árið 2009, 4 mkr. 2010 og 5,7 mkr. árið 2011.

Helstu niðurstöður Eignasjóðs og breytingar milli ára er að finna í eftirfarandi töflu:


| Fjárhæðir í þkr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | | Breyting milli 2008-2011 |
|-------------------------|----------------|--------------------|--------|--------|-----------------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 | |
| Heildartekjur | 21.244 | 14.715 | 15.935 | 18.250 | -14,1% |
| Launagjöld | -1.370 | -1.381 | -1.381 | -1.381 | 0,8% |
| Önnur gjöld | -7.233 | -7.641 | -8.197 | -8.591 | 18,8% |
| Fjármagnsliðir | -2.541 | -1.648 | -1.608 | -1.534 | -39,6% |
| Rekstrarniðurstaða | 10.099 | 4.044 | 4.749 | 6.743 | -33,2% |
| Eignir | 71.901 | 73.392 | 78.700 | 81.208 | 12,9% |
| Heildarskuldir | 45.255 | 42.701 | 43.261 | 39.025 | -13,8% |
| Eigið fé | 26.646 | 30.691 | 35.440 | 42.183 | 58,3% |
| Fjárfestingarhreyfingar | 2.066 | -5.989 | -4.055 | 411 | -80,1% |
| Fjármögnunarahreyfingar | -2.920 | -2.554 | 560 | -4.236 | 45,1% |
| Handbært fé í árslok | 6.124 | 339 | 186 | 290 | -95,3% |

Sala byggingaréttar og gatnagerðargjöld kalla á miklar fjárfestingar í fasteignum og götum. Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir alls um 32 mkr. í fjárfestingar sem skiptast þannig að fasteignir og stofnbúnaður eru 15,6 mkr., götur og umferðamannvirki 13,8 mkr. og lóðir og lönd 2,4 mkr. Brúttó fjárfestingar að frádrögnum gatnagerðargjöldum, sem eru áætluð 9 mkr. á tímabilinu, eru 22,8 mkr. Mögulegt er að áætlanir um sölu byggingaréttar og tekjur af gatnagerðargjöldum á árinu 2008 reynist of háar en gert er ráð fyrir að áætlun 2008 og þriggja ára áætlun 2009-2011 haldi að þessu leyti í heild sinni. Þetta á sérstaklega við um nýbyggingarsvæðin í Úlfarsárdal og á Hólmsheiði. Eftirspurn eftir lóðum og löndum mun hafa áhrif á tímasetningar stofnframkvæmda. Mikilvægt er að við ákvarðanir um þessar umsvifamiklu framkvæmdir sé gætt fyllsta hagræðis fyrir borgarsjóð og leitað leiða við skipulag og hönnun sem leiðir til ásættanlegrar rekstrarhagkvæmni.

Eignir Eignasjóðs eru að aukast um 13% á tímabilinu og verða í lok þess 81 mkr. Skuldir eru að dragast saman um 14% en engu að síður er lánsfjárförf hjá Eignasjóði yfir tímabilið. Áætlað er að eigið fé aukist um 58% og verði við lok tímabils um 42 mkr.

Mynd 12: Rekstrarniðurstaða Eignarsjóðs

Fjárhæðir í þús.kr.



Aðalsjóður


Aðalsjóður Reykjavíkurborgar annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er í meginatriðum fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Rekstur Aðalsjóðs er almennt stöðugur því fjárfestingar og rekstur eigna eru alfarið á vegum Eignasjóðs og hafa þá ekki bein áhrif á rekstur Aðalsjóðs. Með yfirtöku Eignasjóðs á öllum langtímaskuldum Aðalsjóðs, að undanskyldum lífeyrisskuldbindingum, dregur jafnframt úr sveiflum í fjármagnsliðum sem gerir rekstrarniðurstöðu Aðalsjóðs stöðugri. Breytingar á lífeyrisskuldbindingum geta þó áfram haft veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu Aðalsjóðs.

Helstu niðurstöður Aðalsjóðs og breytingar á milli ára er að finna í eftirfarandi töflu:

| Fjárhæðir í þkr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | | Breyting milli 2008-2011 |
|-------------------------|----------------|--------------------|---------|---------|-----------------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 | |
| Heildartekjur | 57.993 | 58.615 | 60.169 | 61.209 | 5,5% |
| Launagjöld | -29.154 | -28.845 | -29.391 | -29.760 | 2,1% |
| Önnur gjöld | -32.880 | -33.840 | -34.698 | -35.202 | 7,1% |
| Fjármagnsliðir | 5.880 | 5.054 | 5.039 | 4.996 | -15,0% |
| Rekstrarniðurstaða | 1.839 | 984 | 1.119 | 1.243 | -32,4% |
| Eignir | 63.297 | 61.389 | 59.616 | 57.989 | -8,4% |
| Heildarskuldir | 20.989 | 18.097 | 15.204 | 12.335 | -41,2% |
| Eigið fé | 42.309 | 43.292 | 44.411 | 45.654 | 7,9% |
| Fjárfestingarhreyfingar | 2.104 | 1.974 | -1.345 | 3.428 | 62,9% |
| Fjármögnunarahreyfingar | -103 | 46 | 7 | 30 | -129,4% |
| Handbært fé í árslok | 15.011 | 15.114 | 11.996 | 13.797 | -8,1% |

Mynd 13: Framlög til málaflokka


Fjárhæðir í þús.kr.



Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs samkvæmt fjárhagsáætlun 2008 gerir ráð fyrir 1,8 mkr. í hagnað. Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir að hann lækki talsvert eða um 32%. Ástæðuna má einkum rekja til áætlunar um minnkandi fjármagnstekjur á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að skatttekjur aðalsjóðs aukist um 2,9 mkr. á tímabilinu og að gjöld aukist um 2,6 mkr. Markmiðið er að bæta rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði á tímabilinu. Útgjöld einstakra málaflokka eru að hækka í samræmi við áherslur nýs meirihluta.

Eignir Aðalsjóðs lækka á tímabilinu um 8,4% og eru í lok tímabils 58 mkr., að mestu leyti í peningalegum eignum. Skuldir eru þó að lækka mun meira eða um 41% og nema við lok tímabils rúmlega 12 mkr., einkum vegna þess markmiðs að greiða niður lífeyrisskuldbindingar borgarinnar og halda þeim í skefjum. Þetta er gert til að draga úr sveiflum í rekstrarniðurstöðu Aðalsjóðs vegna breytinga á lífeyrisskuldbindingum.

Mynd 14: Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs



A hluti, áherslur í rekstri og framkvæmdum

Skatttekjur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|---------------------|-------------------|--------------------|-------------------|-------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Útsvar | 39.570.000 | 39.136.000 | 40.307.000 | 40.918.000 |
| Fasteignaskattur | 11.200.000 | 12.185.000 | 12.445.000 | 12.738.000 |
| Samtals | 50.770.000 | 51.321.000 | 52.752.000 | 53.656.000 |

Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli útsvars eða 13,03%. Þar af renna 0,77% til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áætluð aukning útsvarstekna tekur mið að nýjustu spám um efnahagsþróun og er vísað í kafla um forsendur og efnahagslegt umhverfi hér á undan í því sambandi. Gert er ráð fyrir lækkun útsvarstekna árið 2009 (á verðlagi 2008), en aukningu aftur árin 2010 og 2011. Aukningin nemur 1.350 mkr. frá árinu 2008 til ársins 2011 eða um 3,5%. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á álagningarhlutfalli fasteignaskatts í þriggja ára áætlun frá því sem nú er. Nemur álagningarhlutfall fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði 0,214%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinberar fasteignir, svo sem heilbrigðisstofnanir, skóla og bókasöfn er 1,32% af fasteignamati og álagningarhlutfall á atvinnuhúsnæði er 1,65% af fasteignamati. Áætlað er að tekjur af fasteignasköttum aukist um 1.540 mkr. frá árinu 2008 til 2011. Samanlagt er þannig áætlað að skatttekjur aukist um 2.900 mkr. á tímabilinu eða um 5,7%.

Framlög til B hluta fyrirtækja

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|---------------------------------|------------------|--------------------|------------------|------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins | 679.500 | 753.090 | 753.090 | 753.090 |
| Strætó | 1.683.500 | 1.968.430 | 1.808.430 | 1.808.430 |
| Samtals | 2.363.000 | 2.721.520 | 2.561.520 | 2.561.520 |

Reykjavíkurborg leggur til fjármagn til reksturs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og Strætó bs.

Áætlað er að framlag til Slökkviliðsins hækki um 10,9% árið 2009 vegna áætlunar um að taka í notkun tvær nýjar slökkvistöðvar haustið 2009. Á móti verði lögð niður ein slökkvistöð en kostnaðaraukningin felur í sér fjölgun slökkviliðsmanna á vakt og aukinn rekstrarkostnað.

Áætlað er að framlag til Strætó bs. hækki á tímabilinu vegna stefnumótunar um að halda áfram með verkefnið "Frítt í Strætó" fyrir framhaldsskólanemendur og bjóða jafnframt grunnskólanemendum, öldruðum og fötluðum sömu þjónustu.



Íþrótt- og tómstundasvið

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Stofnframkvæmdir | 1.240.000 | 1.220.000 | 1.390.000 | 1.200.000 |
| Rekstrartekjur (aðrar tekjur) | 1.093.705 | 1.070.705 | 1.070.705 | 1.070.705 |
| Rekstrartekjur samtals | 1.093.705 | 1.070.705 | 1.070.705 | 1.070.705 |
| Laun og launatengd gjöld | (2.453.738) | (2.453.738) | (2.453.738) | (2.453.738) |
| Annar rekstrarkostnaður | (4.640.819) | (4.952.779) | (4.889.904) | (5.216.678) |
| Rekstrargjöld samtals | (7.094.557) | (7.406.517) | (7.343.642) | (7.670.416) |
| Rekstrarniðurstaða | (6.000.852) | (6.335.812) | (6.272.937) | (6.599.711) |

Á árinu 2007 hófst innleiðing frístundakorts sem greiðsla borgarinnar fyrir hluta af æfinga- og og þátttökugjaldi barna og unglunga í íþróttum og tómstundum. Innleiðingunni verður lokið að fullu árið 2009.

ÍTR hefur á undanförunum árum sameinað starfsemi sína í stærri miðstöðvar innan borgarhverfa með góðum árangri. Náðst hefur hagræðing í formi víðtækari þjónustu og er gert ráð fyrir áframhaldandi samþættingu á þessu sviði. Þá er markmiðið að efla starfsemi frístundaheimila á vegum ÍTR (meðal annars með heilsárs-frístundaheimilum). Gert er ráð fyrir auknum fjármunum til félagsmiðstöðva vegna þróunar og vaxtar nýrra hverfa í Norðlingaholti og Úlfarsárdal.



Gert er ráð fyrir framkvæmdum við tvo nýja gervigrasvelli í Stjörnugróf og í Gufunesi. Framkvæmdir eru áætlaðar á íþróttasvæðum íþróttafélaga og við nýja íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal. Áfram verður unnið að gerð sparkvalla í hverfum borgarinnar.

Gert er ráð fyrir hækkun rekstrarstyrkja með tilkomu nýrra íþróttamannvirkja. Fyrirhugað er að koma upp útivistaraðstöðu á Gufunesi og endurbyggja aðstöðu í Nauthólsvík. Auk þess er áætlað að framkvæma endurbætur á Laugardalslauginni, það er laugarkerinu sjálfu.

Leikskólasvið

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|-----------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Stofnframkvæmdir | 465.000 | 472.000 | 186.000 | 360.000 |
| Rekstrartekjur (aðrar tekjur) | 941.873 | 951.247 | 988.395 | 1.016.710 |
| Rekstrartekjur samtals | 941.873 | 951.247 | 988.395 | 1.016.710 |
| Laun og launatengd gjöld | (6.018.884) | (6.086.735) | (6.359.219) | (6.566.187) |
| Annar rekstrarkostnaður | (3.138.315) | (3.398.978) | (3.604.570) | (3.777.648) |
| Rekstrargjöld samtals | (9.157.199) | (9.485.713) | (9.963.788) | (10.343.835) |
| Rekstrarniðurstaða | (8.215.326) | (8.534.466) | (8.975.393) | (9.327.124) |

Þriggja ára áætlun Leikskólasviðs gerir ráð fyrir metnaðarfullri uppbyggingu í leikskólamállum þar sem markmiðið er að stytta biðlista og fjölga rýmum með því í fyrsta lagi að stækka borgarrekna leikskóla í eldri hverfum borgarinnar og bæta við deildum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að taka í notkun nýja leiksskóla í nýbyggingarhverfum borgarinnar, það er við Árvað í Norðlingaholti þegar á næsta ári og byggja og taka í notkun leiksskóla í Úlfarsárdal árið 2010 í samræmi við íbúabróun. Í þriðja lagi stefnir nýr meirihluti að því að fjölga og bæta þau þjónustuúrræði sem í boði eru fyrir börn á leikskólaaldri, en teknar hafa verið frá stighækkandi fjárhæðir á tímabilinu allt að 400 mkr. til að mæta auknum útgjöldum vegna þessa.



Menningar- og ferðamálasvið

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Stofnframkvæmdir | 105.000 | 325.000 | 220.000 | 140.000 |
| Rekstrartekjur (aðrar tekjur) | 236.035 | 240.935 | 241.385 | 241.835 |
| Rekstrartekjur samtals | 236.035 | 240.935 | 241.385 | 241.835 |
| Laun og launatengd gjöld | (732.020) | (735.670) | (735.670) | (735.670) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.937.510) | (2.036.839) | (2.303.400) | (2.330.914) |
| Rekstrargjöld samtals | (2.669.530) | (2.772.510) | (3.039.071) | (3.066.585) |
| Rekstrarniðurstaða | (2.433.495) | (2.531.575) | (2.797.686) | (2.824.750) |

Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir auknum framlögum til Leikfélags Reykjavíkur í samræmi við samkomulag sem undirritað var á fyrri hluta ársins 2007. Tónlistar- og ráðstefnuhúsið mun taka til starfa í lok árs 2009 og koma samningsbundnar greiðslur að hluta á því ári en að fullu á árinu 2010. Auk þess er gert ráð fyrir auknu framlagi til rekstrar Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna þessa. Verkefnið Kvikmyndaborgin Reykjavík hefst á árinu 2008 og fyrsta Barnalistahátíðin mun fara fram á árinu 2009. Þá mun Foldasafn Borgarbókasafns flytjast úr Grafarvogskirkju í nýja þjónustumiðstöð í Spöng í lok árs 2010.

Helstu framkvæmdir eru endurgerð Tjarnarbíós, ný nærgemysla á safnasvæði Árbæjarsafns, undirbúningur að Varðveislusetri menningarminja og nýtt fræðslu- og móttökuhús í Viðey.

Menntasvið

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Stofnframkvæmdir | 2.075.000 | 2.680.000 | 2.267.000 | 1.825.000 |
| Rekstrartekjur (aðrar tekjur) | 1.432.995 | 1.432.995 | 1.446.995 | 1.460.126 |
| Rekstrartekjur samtals | 1.432.995 | 1.432.995 | 1.446.995 | 1.460.126 |
| Laun og launatengd gjöld | (10.232.752) | (10.232.752) | (10.416.990) | (10.555.350) |
| Annar rekstrarkostnaður | (7.337.781) | (7.390.141) | (7.739.345) | (7.596.015) |
| Rekstrargjöld samtals | (17.570.533) | (17.622.893) | (18.156.335) | (18.151.364) |
| Rekstrarniðurstaða | (16.137.538) | (16.189.898) | (16.709.340) | (16.691.238) |

Gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi óverulega á tímabilinu frá því sem nú er. Norðlingaholtsskóli og Sæmundarskóli eru í örru uppbyggingu og í áætluninni er gert ráð fyrir að Sæmundarskóli flytjist úr færanglegum stofum í nýtt skólahúsnæði í byrjun árs 2010.

Nýr skóli í Úlfarsárdal verður tekinn í notkun í byrjun árs 2010. Aðrir skólar á Úlfarsárdal svæðinu verða teknir í notkun síðar, í samræmi við þróun byggðarinnar. Jafnframt er unnið að því að skipuleggja metnaðarfulla endurbyggingu skólalóða á næstu árum og verja til þess verulegum fjármunum. Þá er gert ráð fyrir viðbyggingum og endurbótum á skólahúsnæði í eldri hverfum borgarinnar.



Menntaráð Reykjavíkur hefur ákveðið að setja af stað markvissa vinnu til að tryggja þroskahömluðum grunnskólanemendum vandað nám sem hæfir hverjum og einum í samræmi við markmið um skóla án aðgreiningar. Gert er ráð fyrir að þrjár námsleiðir verði í boði fyrir þennan hóp, það er nám í almennum grunnskóla, í sérdeild og í sérskóla. Hugmyndin er að nýr og fullkominn sérskóli verði tekinn í notkun í staðinn fyrir Safamýrarskóla og Öskjuhlíðaskóla árið 2011.

Í þriggja ára áætlun er áhersla lögð á að fjölga nemendum í tónlistarnámi og nemendum skólahljómsveita. Samhliða einstaklingsmiðuðu námi er lögð áhersla á að auka vægi listfræðslu í skólastarfi meðal annars með kynningu á margvíslegum listformum og þátttöku nemenda í skapandi starfi.

Gert verður átak í að efla skólabrag og bæta hegðun nemenda í grunnskólum Reykjavíkur. Unnið verður að tillögum að tilhögun kennslu nemenda með félagslegar-, tilfinningalegar- og hegðunarraskanir.

Sameiginlegur kostnaður


| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur (aðrar tekjur) | 602.205 | 595.268 | 618.567 | 684.508 |
| Rekstrartekjur samtals | 602.205 | 595.268 | 618.567 | 684.508 |
| Laun og launatengd gjöld | (4.034.327) | (3.568.218) | (3.576.315) | (3.584.818) |
| Annar rekstrarkostnaður | (3.700.091) | (3.548.006) | (3.611.774) | (3.539.034) |
| Rekstrargjöld samtals | (7.734.418) | (7.116.224) | (7.188.089) | (7.123.851) |
| Rekstrarniðurstaða | (7.132.213) | (6.520.955) | (6.569.522) | (6.439.344) |

Sameiginlegur kostnaður skiptist á milli útgjalda vegna skrifstofa í Ráðhúsi, skrifstofu innri endurskoðanda og annarra sameiginlegra útgjalda.

Ráðhús Reykjavíkur

Í Ráðhúsi Reykjavíkur eru skrifstofa borgarstjóra, borgarstjórnar, borgarlögmanns, innri endurskoðanda og eftirtaldar fagskrifstofur sem heyra beint undir borgarstjóra: Fjármálaskrifstofa, Innkaupaskrifstofa, Mannauðsskrifstofa, skrifstofa Borgarhagfræðings, Upplýsingatæknimiðstöð og Þjónustuskrifstofa auk Mannréttindaskrifstofu sem stofnuð var 1. janúar 2008. Hlutverk fagskrifstofa er að vera stefnumótandi og leiðandi hver á sínu fagsviði í rekstri Reykjavíkurborgar. Ráðhús Reykjavíkur hefur að leiðarljósi að veita almenningi, fagsviðum, borgarfulltrúum, nefndum og ráðum góða, hagkvæma og skilvirka þjónustu, sem meðal annars felst í fræðslu, ráðgjöf og greiðum aðgangi að þeim upplýsingum sem Ráðhúsið ber ábyrgð á. Áhersla verður lögð á að vinna að frekari umbótum á þessum sviðum á næstu árum. Þá er lögð áhersla á að meðferð fjármuna borgarinnar sé í samræmi við stefnumótun og áherslur borgarstjórnar og að starfsemi borgarinnar sé í samræmi við lög og reglur. Hlutverk Ráðhúss er að stuðla að aukinni hagkvæmni og skilvirkni ásamt því að veita framúrskarandi þjónustu. Stefnumið Ráðhúss Reykjavíkur er forysta, framsýni, samvinna og skilvirkni.

Áætlun 2009-2011 endurspeglar breytingar og þær áheyrslur sem lagt var upp með og koma fram í starfsáætlun Ráðhúss Reykjavíkur fyrir árið 2008. Rekstrarkostnaður Ráðhúss breytist óverulega í þriggja ára áætlun. Þar ber helst að geta þess að áætlað er að efla skrifstofu borgarhagfræðings með viðbótarframlagi, auk magnbreytingu í þjónustu upplýsingatæknimiðstöðvar í samræmi við umfang í rekstri.



Önnur útgjöld

Áætlað er að liðurinn önnur útgjöld lækki frá árinu 2008 um 735 mkr. Þar af er áætlað að gjaldfærsla vegna breytingar lífeyrisskuldbindingar lækki um 500 mkr. og verði 2.100 mkr. á ári á tímabilinu í stað áætlunar upp á 2.600 mkr. árið 2008. Þess ber að geta að þriggja ára áætlun gerir ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingu sé haldið í skefjum með sérstakri niðurgreiðslu upp á 5.000 mkr. á ári til lágmörkunar á sveiflum í rekstri. Þá er gert ráð fyrir að framlag til aðgerða í húsnæðismálum sé lækkað og verði 135 mkr. á ári. Auk þess sem forvarnar- og framfarisjóður fer út á árinu 2011 sem nemur 100 mkr. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingu á öðrum útgjöldum.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs og er hluti af sameiginlegum kostnaði. Á næstu misserum verður lögð aukin áhersla á að nýta og koma á framfæri aðferðum áhættustjórnunar. Áhættustjórnun og innra eftirlit eru samtengdir þættir til að styrkja innviði rekstrar. Innra eftirlit mun hljóta meira vægi í endurskoðunaráætlun næstu ára og er meðal annars fyrirhugað að gera heildstæða greiningu á niðurstöðu rekstrar A-hluta í tengslum við ársuppgjör.

Helstu verkefni eru þau að árið 2009 verður seinni hluti innleiðingar nýs verkefnis innri endurskoðunar sem snýr að B-hluta félögum í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Sérstök áhersla verður í byrjun lögð á að meta innra eftirlit í hverju fyrirtæki fyrir sig.

Skipulags- og byggingasvið

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur (aðrar tekjur) | 172.400 | 172.400 | 172.400 | 172.400 |
| Rekstrartekjur samtals | 172.400 | 172.400 | 172.400 | 172.400 |
| Laun og launatengd gjöld | (379.100) | (369.100) | (369.100) | (369.100) |
| Annar rekstrarkostnaður | (317.215) | (327.215) | (327.215) | (327.215) |
| Rekstrargjöld samtals | (696.315) | (696.315) | (696.315) | (696.315) |
| Rekstrarniðurstaða | (523.915) | (523.915) | (523.915) | (523.915) |

Skipulags- og byggingasvið starfar samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og er stefnumótandi í skipulags- og byggingarmálum borgarinnar í umboði skipulagsráðs. Eitt mikilvægasta verkefni næstu ára er að tryggja að þeir sem vilja, eigi þess kost að byggja og búa í Reykjavík og er því mikil uppbygging í gangi nú og á næstu árum, bæði með lóðaúthlutunum á nýjum íbúðasvæðum og þéttingu á miðborgarsvæðum.

Á næstu árum eru fyrirhuguð mörg stór verkefni, til dæmis með endurskoðun aðalskipulags, skipulagi nýrra hverfa, fjölgun lóða fyrir atvinnustarfsemi og skipulagsverkefnum í miðborginni auk þess sem deiliskipulagsvinna mun fylgja fyrirhugaðri uppbyggingu Sundabrautar. Þannig er gert ráð fyrir sama krafti í skipulagsvinnu næstu þriggja ára 2009-2010 og hefur verið síðustu misseri.

Umhverfis- og samgöngusvið

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur (aðrar tekjur) | 921.307 | 928.843 | 937.827 | 946.930 |
| Rekstrartekjur samtals | 921.307 | 928.843 | 937.827 | 946.930 |
| Laun og launatengd gjöld | (1.336.377) | (1.336.377) | (1.345.377) | (1.351.077) |
| Annar rekstrarkostnaður | (4.035.761) | (3.986.442) | (4.174.635) | (4.305.210) |
| Rekstrargjöld samtals | (5.372.138) | (5.322.819) | (5.520.012) | (5.656.287) |
| Rekstrarniðurstaða | (4.450.831) | (4.393.976) | (4.582.186) | (4.709.358) |

Á árinu 2008 hafa orðið þær breytingar, að stefnumótun í samgöngumálum ásamt frumhönnun og skipulagi samgöngumannvirkja hefur færst til Umhverfis- og samgöngusviðs, þar sem samgöngumál eru það mikill áhrifavaldur í umhverfismálum, að milli þeirra verður ekki greint lengur. Samhliða því fylgir talsverð breyting á fjárhag sviðsins þar sem sviðið er nú leigjandi og þjónustukaupandi samgöngumannvirkja og opinna og grænna svæða í borginni. Styrkja verður starfsemi sviðsins sem kaupanda þessarar þjónustu.

Í samgöngumálum er unnið að undirbúningi stærri og smærri samgönguverkefna bæði sjálfstætt og í samvinnu við Vegagerðina þegar um þjóðvegi er að ræða. Vaxandi áhersla er lögð á uppbyggingu hjóltreiddastíga, forgang almenningsvagna í umferðinni og notkun vishæfra ökutækja. Umferðaröryggismál eru sem fyrr afar mikilvæg, ekki síst vegna þeirra yngstu og elstu í umferðinni. Unnið er að bættri umferðarstýringu og nýtingu umferðarmannvirkja. Að öðru leyti eru ekki fyrirsjáanlegar stórar breytingar á starfsemi Umhverfis og samgöngusviðs næstu þrjú árin. Áhersla verður áfram lögð á að tryggja borgarbúum fallegt og heilbriggt umhverfi. Umhverfi borgarinnar hefur mikilvægu hlutverki að gegna þegar lítið er til lífsgæða borgarbúa og ásýnd borgarinnar og gæði umhverfisins hafa mikið að segja við kynningu borgarinnar og uppbyggingu ferðaþjónustu. Staðardagskrá 21, eða “Reykjavík í mótun” verður áfram rauði þráðurinn í starfsemi Umhverfis- og samgöngusviðs. Árangur í umhverfismálum getur ekki orðið án víðtækrar þátttöku almennings. Með það að leiðarljósi leggur Umhverfis- og samgöngusvið sífellt meiri áherslu á upplýsingar og fræðslu til almennings og fyrirtækja um umhverfismál og tengsl umhverfis og heilsu. Umhverfis- og samgöngusvið mun áfram leggja metnað sinn í að vera til fyrirmyndar í vistvænum rekstri.



Helstu verkefni Umhverfis- og samgöngusviðs eru umsjón með framkvæmd og endurskoðun Staðardagskrár 21, heilbrigðis- og mengunareftirlit í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, náttúruvernd og garðyrkja í borgarlandinu, rekstur Vinnuskóla Reykjavíkur ásamt úrgangsstjórnun og sorphirða frá heimilum í borginni. Einnig dýraeftirlit, það er meindýravarnir, hundaeftirlit, varsla borgarlandsins og búfjáreftirlit. Unnin er langtíma-stefnumótun í samgöngumálum, þar með talið stefnumótun í umferðaröryggismálum, almennings-samgöngum, bílastæðamálum og umferðarfræðslu ásamt vinna í samgönguskipulagi, frumhönnun samgöngumannvirkja og umsjón með þjónustukaupum.

Áætlaðar breytingar samkvæmt þriggja ára áætlun eru í fyrsta lagi þær að gert er ráð fyrir að hefja endurnýjun verkþækkistöðva garðyrkjudeildar á árunum 2008-2011. Ekki er gert ráð fyrir aukningu rekstrarkostnaðar vegna þessa nema sem nemur innri leigu stærra húsnæðis. Í öðru lagi er gert er ráð fyrir að hafist verði handa um byggingu kaffihúss í Hljómskálagarðinum á árunum 2008-2011. Gert er ráð fyrir aukningu rekstrarkostnaðar, sem nemur innri leigu vegna mannvirkisins en stefnt er að því að rekstur þess verði leigður út og að tekjur standi undir auknum rekstrarkostnaði. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir magnaukningu sorps í

samræmi við íbúafjölgun og byggingu nýrra hverfa í borginni. Þetta hefur áhrif bæði á tekjur og gjöld vegna sorphirðu. Einnig er gert ráð fyrir nýrri endurvinnslustöð í Grafarvogi á árinu 2009. Aðildarsveitarfélög Sorpu greiða fyrir rekstur endurvinnslustöðva samkvæmt höfðatöluskiptingu.

Þriggja ára áætlun Umhverfis- og samgöngusviðs fyrir árin 2009-2011 gerir því í heild ráð fyrir meðaltals- hækkun fjárhags þess um 2,5%, sem stafar að mestu leyti frá auknum kostnaði (leiga og þjónustusamningar) vegna nýrra samgöngumannvirkja og nýbygginga hverfa í borginni.

Velferðarsvið

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Stofnframkvæmdir | 580.000 | 510.000 | 360.000 | 360.000 |
| Rekstrartekjur (aðrar tekjur) | 1.822.573 | 1.901.664 | 1.940.231 | 1.959.795 |
| Rekstrartekjur samtals | 1.822.573 | 1.901.664 | 1.940.231 | 1.959.795 |
| Laun og launatengd gjöld | (3.966.760) | (4.062.342) | (4.134.344) | (4.144.202) |
| Annar rekstrarkostnaður | (5.409.803) | (5.461.559) | (5.435.362) | (5.463.468) |
| Rekstrargjöld samtals | (9.376.563) | (9.523.901) | (9.569.706) | (9.607.670) |
| Rekstrarniðurstaða | (7.553.989) | (7.622.236) | (7.629.474) | (7.647.874) |

Í þriggja ára áætlun 2009 - 2011 er byggt á þeim megináherslum sem velferðarráð setur og birtast meðal annars í starfsáætlun 2008. Þessar áherslur eru í fyrsta lagi samþætting, það er uppbygging og aukin þjónusta við aldraða og fatlaða í heimahúsum sem stuðli að því að fólk geti búið sem lengst heima. Í öðru lagi verkefnaflutningur frá ríki til sveitarfélaga. Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að fá verkefni sem koma að nærþjónustu við aldraða og fatlaða frá ríkinu. Í þriðja lagi aukin áhersla á barnavernd, forvarnarstarf, stuðning og aðstoð við fátæk börn og börn í áhættuhópum. Í fjórða lagi aukin lífsgæði fyrir þá sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í langan tíma með áherslu á endurhæfingu og starfsþjálfun. Í fimmta lagi þróun þjónustu við innflytjendur og að lokum húsnæðismál þeirra sem verst eru settir á húsnæðismarkaði.

Helstu breytingar sem felast í þriggja ára áætlun eru vegna þróunarverkefnis í samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, gert er ráð fyrir að heimaþjónusta og stuðningsþjónusta aukist. Áframhald verður á verkefninu öryggissími og öryggishnappar. Gert er ráð fyrir að framfærslustyrkur fjárhagsaðstoðar lækki næstu þrjú árin vegna fækkunar þeirra sem fá framfærslustyrk. Gert er ráð fyrir fjölgun þeirra sem fá húsaleigubætur um 3% vegna nýrra leiguíbúða sem gert er ráð fyrir að taka í notkun á tímabilinu, svo sem þjónustuíbúðir fyrir aldraða, námsmannabúðir og íbúðir Félagsbústaða. Gert er ráð fyrir herra endurgreiðsluhlutfalli húsaleigubóta frá ríki árin 2009-2011 en ráð var fyrir gert í áætlun 2008, sem hefur áhrif til lækkunar milli árána 2008 og 2009. Á árinu 2009 er gert ráð fyrir úrræði fyrir heimilislausar konur og nýju heimili fyrir þá sem nú eru á Njálsgötu árið 2010. Í ferðarþjónustu fatlaðra hefur orðið mikil aukning undanfarin ár en gert er ráð fyrir að hún komist í jafnvægi og aukist aðeins í samræmi við íbúðaþróun. Önnur aukning er aðallega vegna hækkunar innri leigu og búnaðar vegna fyrirhugaðs flutnings þjónustumiðstöðvar Grafavogar og Árbæjar.



Fjármagnsliðir

| <i>Fjárhæðir í þús.kr.</i> | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|----------------------------|----------------|--------------------|--------------|--------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Vaxtatekjur / (vaxtagjöld) | 3.926 | 3.129 | 3.145 | 3.132 |
| Arður og ábyrgðargjald | 1.954 | 1.924 | 1.894 | 1.864 |
| Samtals | 5.880 | 5.053 | 5.039 | 4.996 |

Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir föstu verðlagi. Fjármagnsliðir lækka um 5,3% á tímabilinu og enda í 5.051 mkr. árið 2011. Lækkunin frá 2008 er enn meiri eða 14,1%.

Fjármagnsliðir Aðalsjóðs skiptast annars vegar í vaxtatekjur af bankainnistæðum og af lánum til Eignasjóðs og hins vegar í arð og ábyrgðargjöld frá dótturfélögum. Helstu forsendur eru að gert er ráð fyrir lækkandi innlánsvöxtum á tímabilinu ásamt lækkandi ábyrgðargjaldi. Engin vaxtagjöld falla á Aðalsjóð því öll langtímalán heyra undir Eignasjóð.

Eignasjóður

Um áramót 2007-2008 tók nýr og breyttur Eignasjóður til starfa. Skipulagssjóður hefur verið sameinaður Eignasjóði og er nú öll eignaumsýsla borgarinnar á einum stað. Hlutverk Eignasjóðs er að undirbúa og skipuleggja allar stofnframkvæmdir borgarinnar á sviði fasteigna, gatna og umhverfis. Eignasjóður veitir jafnframt fagsviðum borgarinnar alla þjónustu við viðhald og rekstur mannvirkja eftir þörfum og umhverfis- og samgöngusviði þjónustu við hreinsun og umhirðu borgarlandsins.

Sú þriggja ára áætlun sem hér er lögð fram inniheldur metnaðarfull áform um stofnframkvæmdir í fasteignum, götum og umferðarmannvirkum í samræmi við áætlanir um þróun nýrra íbúða- og atvinnusvæða, svo og stefnumörkun nýs meirihluta í umhverfismálum. Tekjuáætlun Eignasjóðs hvað varðar gatnagerðargjöld og sölu byggingarréttar tekur mið af því breytta umhverfi sem er hugsanlega framundan á lánamarkaði. Þannig er gert ráð fyrir mun minni tekjum árið 2009 en á árinu 2008, en þær aukist síðan aftur árið 2010 og 2011.

Rekstramiðurstaða Eignasjóðs er jákvæð á tímabilinu um rúma 15,5 mkr. og er það einkum vegna sölu byggingarréttar sem er áætlaður um 13,5 mkr. á tímabilinu. Önnur rekstrargjöld eru hins vegar að hækka um 18,8% sem skýrist af stofnfjárfestingum sem koma í rekstur á tímabilinu og auknu fjármagni til viðhalds fasteigna, en tekjur af innri leigu taka mið af því.

Heildareignir sjóðsins aukast um 9,3 mkr. á tímabilinu eða um 12,9%. Eigið fé eykst hins vegar um 15,5 mkr. eða um 58% og skuldir og skuldbindingar lækka um 6,2 mkr eða um 13,8%. Veltufjármunir aukast á tímabilinu og er það að hluta til vegna vaxtatekna sjóðsins í breyttu umhverfi.

Eignasjóður þarf á lánsfjármögnun að halda á tímabilinu en umfang hennar ræðst af því hvernig tekst að stýra tekjum á móti gjöldum yfir tímabilið.

Eftirfarandi eru helstu stofnframkvæmdir sem gert er ráð fyrir að fara í á tímabilinu.

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-----------------------------|------------------|--------------------|------------------|------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Menntasvið | 2.075.000 | 2.680.000 | 2.267.000 | 1.825.000 |
| Leikskólasvið | 465.000 | 472.000 | 186.000 | 360.000 |
| Menningar- og ferðamálasvið | 105.000 | 325.000 | 220.000 | 140.000 |
| Íþrótt- og tómstundasvið | 1.240.000 | 1.220.000 | 1.390.000 | 1.200.000 |
| Velferðarsvið | 580.000 | 510.000 | 360.000 | 360.000 |
| Ýmsar fasteignir | 195.000 | 1.000.000 | 1.000.000 | 100.000 |
| Samtals | 4.660.000 | 6.207.000 | 5.423.000 | 3.985.000 |

Menntasvið

Framkvæmdir verða við tvo nýja grunnskóla, Norðlingaskóla og Sæmundarskóla og er áætlað að þeim verði lokið á tímabilinu. Einnig er áætlað að hefja framkvæmdir við grunnskóla í Úlfarsfelli. Gert er ráð fyrir viðbyggingum við Breiðholtsskóla, Rimaskóla, Vesturbæjarskóla og Langholtsskóla ásamt ýmsum endurbótum í eldri skólabyggingum, meðal annars Breiðholtsskóla, Breiðagerðisskóla, Seljaskóla og Klébergsskóla. Áfram verður unnið að endurbyggingu grunnskólalóða.

Leikskólasvið

Nýr leikskóli verður byggður í tengslum við Norðlingaskóla og einnig verða hafnar framkvæmdir við nýja leikskóla í Úlfarsárdal. Áfram verður unnið að endurbyggingu leikskólalóða.

Menningar- og ferðamálasvið

Áætlað er að hefja undirbúning og framkvæmdir við nýja geymslubyggingu fyrir listaverk og menningarverðmæti ásamt ýmsum breytingum og endurbótum á menningarhúsnæði borgarinnar, meðal annars Tjarnarbíó, Gerðubergi og við ýmsar fasteignir Árbæjarsafns.

Íþróttta- og tómstundasvið

Gert er ráð fyrir framkvæmdum við tvo nýja gervigrasvelli, í Laugardal og í Gufunesi og uppbyggingu frí-
stundaaðstöðu í Gufunesi og í Nauthólsvík. Áætlað er að hefja endurbyggingu Laugardalslaugar. Bygginga-
framkvæmdir eru áætlaðar á svæðum íþróttafélaga og við nýja íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal. Áfram verður
unnið að byggingu boltagerða í hverfum borgarinnar.

Velferðarsvið

Gert er ráð fyrir 30% þátttöku borgarinnar í framkvæmdakostnaði við byggingu 110 rýma hjúkrunarheimilis
við Suðurlandsbraut og vegna fyrirhugaðra hjúkrunarheimila við Grandaveg og Sléttuveg.

Ýmsar framkvæmdir

Framkvæmdir verða við byggingu þjónustu- og menningarmiðstöðvar við Spöngina í Grafarvogi í tengslum við
íbúðarbyggð fyrir aldraða.

Gatnaframkvæmdir

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|----------------------------------|------------------|--------------------|------------------|----------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Sameiginlegur kostnaður | (4.963.000) | (2.626.000) | (2.444.000) | (2.417.000) |
| Þjóðvegir og aðrar umferðargötur | 1.025.000 | 585.000 | 995.000 | 465.000 |
| Nýbyggingarhverfi | 3.770.000 | 2.975.000 | 2.130.000 | 1.495.000 |
| Endurnýjun í miðborginni | 810.000 | 555.000 | 305.000 | 280.000 |
| Gangstígar, göngubrýr og ræktun | 435.000 | 605.000 | 465.000 | 460.000 |
| Umferðaröryggismál | 130.000 | 130.000 | 130.000 | 130.000 |
| Ýmsar framkvæmdir | 865.000 | 800.000 | 735.000 | 560.000 |
| Kostnaður fluttur til Fráveitu | (754.000) | (595.000) | (513.000) | (436.000) |
| Samtals gatnaframkvæmdir | 1.318.000 | 2.429.000 | 1.803.000 | 537.000 |

Þjóðvegir

Við gerð þriggja ára áætlunar er lögð til grundvallar vegaáætlun 2007-2010. Stærsta framkvæmdin er lagning
Sundabrautar ásamt framkvæmdum við Miklubraut/Kringlumýrabraut. Einnig eru fyrirhugaðar framkvæmdir
við þjóðvegina út úr borginni til norðurs og austurs. Geirsgata við Tónlistar- og ráðstefnuhús og Mýrargata eru
á dagskrá. Fjármögnun þessara framkvæmda allra er enn ekki ljós en unnið er að undirbúningi og framkvæmda
eftir því sem fé fæst til verkanna á vegáætlun. Á næstu árum verður lögð aukin áhersla á bættu stjórnun
umferðar og forgang almenningsvagna í gatnakerfinu.

Nýbyggingarhverfi

Í íbúðarhverfum verður á dagskrá áframhaldandi uppbygging í Úlfarsárdal þannig að nægt lóðaframboð verði
fyrir hendi. Á Hólmsheiði verður haldið áfram uppbyggingu atvinnusvæðis. Mikil uppbygging er framundan á
strætoreit við Kirkjusand og á svæði Háskólans í Reykjavík. Önnur svæði til uppbyggingar atvinnustarfsemi
eru Esjumelar, Álfsnes, Hallar, og Stekkjarbrekkur.

Uppbygging í miðborginni

Stærstu verkefni í miðborginni eru í tengslum við Tónlistar- og ráðstefnuhús en einnig er horft til
naudsynlegra breytinga kringum Skúlagötu og Höfðatún.

Gangstígar, göngubrýr og ræktun

Sérstakt átak verður í endurnýjun gönguleiða í eldri hverfum og breikkun og upphitun hjólréiðastíga.

Úrbætur í umferðaröryggismálum

Áfram er unnið að nauðsynlegum úrbótum í umferðaröryggismálum í tengslum við markmiðssetningu í umferðaröryggismálum.

Ýmsar framkvæmdir

Nefna má sérstaklega endurgerð gatnayfirborðs, yfirlög og götulýsingu, sem stærstu einstöku framkvæmdirnar.

Lóðir, lönd og skipulagseignir

Á tímabilinu er gert ráð fyrir landa- og fasteignakaupum vegna skipulagsverkefna fyrir 2,4 mkr.

Bílastæðasjóður

Bílastæðasjóður Reykjavíkur er 100% í eigu Reykjavíkurborgar.

Rekstrarreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------|----------------|--------------------|-------------------|------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur | 577.928 | 585.170 | 594.501 | 615.730 |
| Rekstrargjöld | (544.666) | (551.919) | (579.927) | (586.427) |
| Fjármagnsliðir | (5.000) | (5.000) | (25.000) | (34.000) |
| Hagnaður / (Tap) | 28.262 | 28.251 | (10.426) | (4.697) |

Efnahagsreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|------------------|--------------------|------------------|------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fastafjármunir | 1.371.983 | 1.737.983 | 1.863.983 | 1.779.983 |
| Veltufjármunir | 62.597 | 70.711 | 78.099 | 108.402 |
| Eignir samtals | 1.434.580 | 1.808.694 | 1.942.082 | 1.888.385 |
| Eigið fé | 1.038.126 | 1.066.377 | 1.055.951 | 1.051.254 |
| Skuldbindingar | 258.890 | 268.890 | 279.390 | 290.390 |
| Langtímaskuldir | 28.296 | 357.056 | 495.401 | 435.401 |
| Skammtímaskuldir | 109.269 | 116.371 | 111.340 | 111.340 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 1.434.580 | 1.808.694 | 1.942.082 | 1.888.385 |

Sjóðstreymi

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|--|----------------|--------------------|-------------|------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrarhreyfingar | 147.362 | 148.251 | 120.074 | 136.303 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (297.000) | (476.000) | (246.000) | (46.000) |
| Fjármögnunarhreyfingar | 149.638 | 327.748 | 125.926 | (90.303) |
| Breyting á handbæru fé | 0 | (1) | 0 | 0 |
| Handbært fé (fjárförf) í árslok | 920 | 919 | 919 | 919 |

*Með B hluta er átt við fyrirtæki sem eru rekin með þjónustutekjum og Reykjavíkurborg á 50% eignahlut eða meira.

Gert er ráð fyrir að tekjur Bílastæðasjóðs vaxi lítillega á tímabilinu 2009-2011 eða um 1-2%. Þá er gert ráð fyrir að tekjur af útistæðum vaxi heldur minna en tekjur af stöðvunarbrotagjöldum vegna fækkunar vel staðsettra bílastæða í miðborginni og má þar nefna Tjarnargötustæði, Grófarplan. Þessar áætlanir munu þó breytast ef heimild fæst til hækkunar á gjaldskrá Bílastæðasjóðs.

Gert er ráð fyrir að afskriftir aukist um 10 mkr. á ári á tímabilinu. Þá er gert ráð fyrir að bílastæðakjallari Tónlistar- og ráðstefnuhúss (TRH) komi í rekstur á árinu 2011 þó svo að tekjur séu farnar að skila litlu á því ári.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi útbreiðslu gjaldsvæða í íbúahverfum í námunda við miðborgina með það að markmiði að bæta aðgang íbúa miðborgarinnar að stæðum við heimili sín með íbúakorti. Áætlað er að ný stæði tengd bílakjallara TRH byrji að skila tekjum árið 2011. Þannig er áætlað að heildartekjur ársins 2011 verði um 616 mkr. samanborið við 578 mkr. í áætlun 2008. Þessi hækkun nemur um 38 mkr.

Á árinu 2008 er gert ráð fyrir viðamikilli þjónustukönnun þar sem niðurstöðurnar verða nýttar til stefnumótunar næstu þrjú árin og er gert ráð fyrir að efla kynningarmál Bílastæðasjóðs á tímabilinu.

Áætlunin gerir ráð fyrir fjárfestingum sem nema um 1.000 mkr., þar með talið árið 2008 og þar af 800 mkr. í bílastæði TRH.

Vert er að vekja athygli á að áætlun Bílastæðasjóðs gerir ráð fyrir verulegri lánsfjárbörf.

Faxaflóahafnir sf.

Faxaflóahafnir eru 75% í eigu Reykjavíkurborgar.

Rekstrarreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------|----------------|--------------------|----------------|----------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur | 2.348.443 | 2.349.000 | 2.349.000 | 2.349.000 |
| Rekstrargjöld | (1.913.140) | (1.913.000) | (1.913.000) | (1.913.000) |
| Fjármagnsliðir | (70.000) | (42.000) | (33.000) | (30.000) |
| Hagnaður / (Tap) | 365.303 | 394.000 | 403.000 | 406.000 |

Efnahagsreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|-------------------|--------------------|-------------------|-------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fastafjármunir | 11.068.577 | 11.251.577 | 11.746.577 | 12.411.653 |
| Veltufjármunir | 841.023 | 886.022 | 728.022 | 402.946 |
| Eignir samtals | 11.909.600 | 12.137.599 | 12.474.599 | 12.814.599 |
| Eigið fé | 10.188.466 | 10.582.466 | 10.985.466 | 11.391.466 |
| Skuldbindingar | 50.414 | 50.414 | 50.414 | 50.414 |
| Langtímaskuldir | 1.206.751 | 1.141.088 | 1.075.088 | 1.007.716 |
| Skammtímaskuldir | 463.968 | 363.631 | 363.631 | 365.004 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 11.909.600 | 12.137.599 | 12.474.599 | 12.814.599 |

Sjóðstreymi

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|---------------------------------------|----------------|--------------------|--------------------|---------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrarhreyfingar | 933.303 | 994.000 | 1.003.000 | 1.006.000 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (627.000) | (750.000) | (1.075.000) | (914.000) |
| Fjármögnunarahreyfingar | (267.000) | (166.000) | (66.000) | (66.000) |
| Breyting á handbæru fé | 39.303 | 78.000 | (138.000) | 26.000 |
| Handbært fé (fjárför) í árslok | 74.301 | 152.300 | 14.300 | 40.300 |

Mörg þeirra verkefna sem unnin eru hjá Faxaflóahöfnum sf. eru þess eðlis að þau taka yfir nokkurra ára tímabil. Af þeim sökum hefur á starfstíma félagsins, frá 1. janúar 2005, verið gerð fimm ára áætlun sem fylgt hefur fjárhagsáætlun hvers árs. Faxaflóahafnir sf. eiga og reka fimm hafnarsvæði, það er í gömlu höfninni í Reykjavík, Sundahöfn, á Grundartanga á Akranesi og í Borgarnesi. Að auki er enn í notkun svæði við Sævarhöfða þar sem athafnasvæði Björgunar er nú.

Í gömlu höfninni í Reykjavík hefur verið unnið að endurnýjun Vesturhafnar í tengslum við flutning fiskihafnarinnar af því svæði sem Tónlistar- og ráðstefnuhúsið er að rísa. Á næstu árum verður unnið að skipulagsmálum í Örfirisey og þróun Mýrargötusvæðisins en ráðgert er að byggingarréttur á hluta svæðisins verði boðinn út á árinu 2007.

Í Sundahöfn er nú unnið að lengingu Vogabakka en framundan eru stór verkefni tengd lengingu Skarfabakka og landgerð í Vatnagörðum auk þess sem lokið verður annarri landgerð og skipulagi svæðisins, meðal annars framan Klepps og austan þess svæðis.

Unnið hefur verið að undirbúningi flutnings á starfsemi Björgunar og í því sambandi stefnt að nýju grófiðnaðarsvæði í Álfsnesi með hafnaraðstöðu í tengslum við þá starfsemi. Að auki hefur verið horft til hluta svæðisins í Gufunesi sem ákjósanlegt svæði fyrir vöruhús og athafnsvæði því tengdu.

Á Grundartanga er unnið að lóðargerð fyrir nokkur fyrirtæki en einnig er unnið að heildar deiliskipulagi svæðisins sem ætti að verða tilbúið í byrjun árs 2009. Í framhaldi verði farið í lengingu viðlegubakka og baksvæða auk þess sem fleiri lóðir verða þar gerðar byggingarhæfar.

Á Akranesi er verið að skoða hugmyndir að landgerð og úrbótum á innri höfninni, meðal annars í tengslum við umræðu um eflingu Akraneshafnar sem fiskihafnar.

Í Borgarnesi er af hálfu sveitarfélagsins unnið að deiliskipulagningu Brákareyjar og hugmynd að endurbyggingu smábátahafnar í eyjunni.

Stór þáttur í starfsemi Faxaflóahafna sf. er að vinna að endurskipulagningu þeirra hafnarsvæða sem undir fyrirtækið heyra. Um er að ræða langtíma verkefni á öllum svæðunum en um leið afar mikilvæg verkefni til þess að líftími svæðanna verði eins langur og kostur er. Markmið Faxaflóahafna sf. er að auka sérhæfingu á svæðunum, bæta landnotkun og landnýtingu auk þess sem lögð verði áhersla á úrbætur í veltengingum milli Sundahafnar og Grundartangahafnar með gerð Sundabrautar.

Vert er að vekja athygli á að áætlun Faxaflóahafna gerir ráð fyrir verulegri lánsfjárför.



Félagsbústaðir hf.

Félagsbústaðir hf. eru 100% í eigu Reykjavíkurborgar

Rekstrarreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur | 2.059.348 | 2.060.685 | 2.145.372 | 2.230.442 |
| Rekstrargjöld | (1.390.796) | (1.520.646) | (1.590.766) | (1.660.228) |
| Fjármagnsliðir | (894.467) | (655.740) | (725.865) | (802.992) |
| Hagnaður / (Tap) | (225.915) | (115.701) | (171.259) | (232.778) |

Efnahagsreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|-------------------|--------------------|-------------------|-------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fastafjármunir | 19.657.104 | 21.137.606 | 22.589.649 | 24.010.402 |
| Veltufjármunir | 186.170 | 93.814 | 85.842 | 77.348 |
| Eignir samtals | 19.843.274 | 21.231.420 | 22.675.491 | 24.087.750 |
| Eigið fé | 762.692 | 691.991 | 565.732 | 377.954 |
| Langtímaskuldir | 17.799.272 | 19.185.825 | 20.547.422 | 21.909.019 |
| Skammtímaskuldir | 1.281.310 | 1.353.604 | 1.562.337 | 1.800.777 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 19.843.274 | 21.231.420 | 22.675.491 | 24.087.750 |

Sjóðstreymi

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|---------------------------------------|----------------|--------------------|---------------|---------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrarhreyfingar | (448.547) | (402.552) | (431.155) | (467.475) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (2.081.130) | (1.807.311) | (1.807.311) | (1.808.311) |
| Fjármögnunarmunir | 2.612.583 | 2.126.957 | 2.238.466 | 2.275.786 |
| Breyting á handbæru fé | 82.906 | (82.906) | 0 | 0 |
| Handbært fé (fjárför) í árslok | 82.906 | 0 | 0 | 0 |

Í árslok 2007 áttu Félagsbústaðir samtals 2.063 íbúðir. Þar af voru 1.767 almennar leiguíbúðir og 296 þjónustufjúðir fyrir aldraða ásamt tilheyrandi þjónusturýmum. Ráðgerð árleg fjölgun almennra leiguíbúða á tímabilinu 2009-2011 eru 100 íbúðir eða í 2.167 íbúðir í árslok 2011 sem nemur 18 íbúðum á hverja 1.000 íbúa í Reykjavík miðað við mannfjöldaspá tímabilsins og miðað við 15 íbúðir í árslok 2007 og 8 íbúðir á stofnári félagsins 1997.

Það hefur verið stefna Félagsbústaða varðandi fjölgun íbúða að eiga annaðhvort allar íbúðir í stigagangi fjölbýlishúsa eða eina íbúð, það er að hámarki 10% í stærri fjölbýlishúsum. Þessi stefna hefur reynst vel og er raunar forsenda fyrir kaupum félagsins á stökum íbúðum. Nú er hins vegar svo komið að félagið á íbúðir í allflestum fjölbýlishúsum í Reykjavík og því orðið örðugt að kaupa þar stakar íbúðir. Því er nauðsynlegt til þess að Félagsbústaðir geti uppfyllt markmið varðandi fjölgun íbúða að félagið njóti forgangs við lóðahlutun borgarinnar á 1-2 lóðum árlega undir lítill fjölbýlishús 20-25 íbúða.

Gert er ráð fyrir að árlega verið seldar 12 íbúðir af ýmsum ástæðum, enda tekið fram að félagið kaupi 100 íbúðir á ári umfram seldar íbúðir.

Fjárhagur og rekstur

Þrátt fyrir árlegan 96 mkr. hagnað af sölu eigna er tap félagsins áætlað 116 mkr. árið 2009, 171 mkr. 2010 og 233 mkr. árið 2011.

Eiginfjárhlutfall félagsins miðað við áætlað fasteignamat lækkar úr áætluðum 42% í árslok 2008 í 36% í lok tímabilsins 2011. Þá vantar 18 mkr. upp á að veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána á árinu 2008, 68 mkr. á árinu 2009, 119 mkr. 2010 og 172 mkr. árið 2011.

Ljóst er samkvæmt þessu að miðað við óbreyttar leiguforsendur á tímabilinu er rekstur Félagsbústaða ekki lengur sjálfbær sem mun leiða til þess að gengið verður á eigið fé félagsins á tímabilinu með fyrirsjáanlegum afleiðingum. Ástæða þessarar þróunar er fyrst og fremst sú að meðalvextir félagslegra lána vegna kaupa á íbúðum fara hækkandi.

Til þess að tryggja sjálfbærni reksturs Félagsbústaða í samræmi við stofnsamþykktir félagsins á áætlunartímabilinu fram til ársloka 2011 þarf 10% hækkun á leigu eigi síðar en á miðju ári 2008.

Vert er að geta þess að áætlun Félagsbústaða gerir ráð fyrir lánsfjárbörf.

Íþrótt- og sýningarhöllin hf.

Íþrótt- og sýningarhöllin hf. er 50% í eigu Reykjavíkurborgar

Rekstrarreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------|------------------|--------------------|-------------------|-------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur | 307.912 | 471.562 | 476.277 | 481.040 |
| Rekstrargjöld | (172.923) | (403.788) | (408.599) | (413.875) |
| Fjármagnsliðir | (136.904) | (89.000) | (89.000) | (87.000) |
| Hagnaður / (Tap) | (1.915) | (21.226) | (21.322) | (19.835) |

Efnahagsreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|------------------|--------------------|------------------|------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fastafjármunir | 1.832.310 | 1.768.310 | 1.704.310 | 1.640.310 |
| Veltufjármunir | 401.418 | 431.051 | 429.361 | 460.386 |
| Eignir samtals | 2.233.728 | 2.199.361 | 2.133.671 | 2.100.696 |
| Eigið fé | 453.047 | 431.821 | 410.499 | 390.664 |
| Langtímaskuldir | 1.744.224 | 1.699.856 | 1.686.716 | 1.673.913 |
| Skammtímaskuldir | 36.456 | 67.684 | 36.456 | 36.119 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 2.233.728 | 2.199.361 | 2.133.671 | 2.100.696 |

Sjóðstreymi

| <i>Fjárhæðir í þús.kr.</i> | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|--|----------------|--------------------|------------------|---------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrarhreyfingar | 78.559 | 48.774 | 48.678 | 50.165 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (6.000) | (6.000) | (6.000) | (6.000) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (62.000) | (13.140) | (44.368) | (13.140) |
| Breyting á handbæru fé | 10.559 | 29.633 | (1.690) | 31.025 |
| Handbært fé (fjárförf) í árslok | 12.352 | 41.985 | 40.295 | 71.320 |

Malbikunarstöðin Höfði hf.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 100% í eigu Reykjavíkurborgar

Rekstrarreikningur

| <i>Fjárhæðir í þús.kr.</i> | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|----------------------------|----------------|--------------------|---------------|---------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Hagnaður / (Tap) | 66.754 | 64.821 | 66.358 | 69.172 |

Efnahagsreikningur

| <i>Fjárhæðir í þús.kr.</i> | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|------------------|--------------------|------------------|------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fastafjármunir | 541.959 | 563.088 | 554.142 | 540.996 |
| Veltufjármunir | 469.989 | 448.018 | 471.522 | 505.980 |
| Eignir samtals | 1.011.948 | 1.011.107 | 1.025.664 | 1.046.975 |
| Eigið fé | 757.063 | 793.009 | 830.492 | 870.790 |
| Skuldbindingar | 41.566 | 40.750 | 38.990 | 36.500 |
| Langtímaskuldir | 52.731 | 27.022 | 0 | 0 |
| Skammtímaskuldir | 160.588 | 150.326 | 156.182 | 139.686 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 1.011.948 | 1.011.107 | 1.025.664 | 1.046.975 |

Hjá Malbikunarstöðinni er forgangsatriði að ganga frá lóðarmálum fyrirtækisins þannig að gerður verði lóðarsamningur um núverandi lóð til ákveðins tíma. Í framhaldi af því verði síðan hugað að nýrri staðsetningu fyrir fyrirtækið og það gert töluvert áður en lóðarsamningurinn rynni út.

Engar verulegar breytingar eru fyrirhugaðar í rekstri fyrirtækisins í þriggja ára áætlun. Helstu fjárfestingar á árinu 2008 eru þær að reist verði girðing umhverfis núverandi starfsvæði fyrirtækisins til að hindra óheftan aðgang að tækjum og hráefnisbirgðum þess. Einnig er fyrirhuguð fjárfesting í tveim vörubifreiðum sem eiga að koma í stað tveggja gamla vörubifreiða sem yrðu seldar. Auk þessa er ákveðið að skipta út, í gömlu malbikunarstöðinni, malbikssílóum ásamt braut og vagni til að auka rekstraröryggi og minnka viðhaldskostnað á næstu árum. Á árunum 2009 og 2010 er fyrirhugað að endurnýja nokkur gömul tæki og huga að frekari endurnýtingu hráefna.

Sjóðstreymi

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|--|-------------------|--------------------|----------------|----------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrarhreyfingar | 129.723 | 96.476 | 148.089 | 145.758 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (70.000) | (85.000) | (60.000) | (60.000) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (81.304) | (54.585) | (54.585) | (56.301) |
| Breyting á handbæru fé | (21.581) | (43.108) | 33.504 | 29.457 |
| Handbært fé (fjárförf) í árslok | 160.127 | 117.018 | 150.522 | 179.980 |

Fyrirtækið starfar á útboðs- og samkeppnismarkaði og velta þess og afkoma ræðst af markaðsaðstæðum og hagsveiflu hverju sinni. Á þriggja ára tímabili 2009-2011 eru engin stór verkefni í hendi en nokkur eru í augsýn. Það þarf því stöðugt að vera að takast á við sibreytilegar aðstæður í rekstri og það gildir um þetta þriggja ára tímabil eins og undanfarin ellefu ár frá stofnun fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur er 93,539% í eigu Reykjavíkurborgar

Rekstrarreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------|----------------|--------------------|------------------|------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur | 22.855.975 | 24.994.412 | 26.442.595 | 29.023.388 |
| Rekstrargjöld | (18.685.132) | (19.915.702) | (20.449.953) | (22.445.465) |
| Fjármagnsliðir | (3.952.637) | (3.068.258) | (3.373.440) | (3.982.408) |
| Hagnaður / (Tap) | 218.206 | 2.010.452 | 2.619.202 | 2.595.515 |

Efnahagsreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fastafjármunir | 206.307.382 | 227.933.376 | 249.588.968 | 263.674.960 |
| Veltufjármunir | 4.344.378 | 4.571.649 | 4.512.840 | 4.864.402 |
| Eignir samtals | 210.651.760 | 232.505.025 | 254.101.808 | 268.539.362 |
| Eigið fé | 78.838.197 | 79.280.674 | 80.331.900 | 81.359.439 |
| Skuldbindingar | 391.759 | 413.595 | 1.181.428 | 1.864.680 |
| Langtímaskuldir | 122.447.483 | 145.067.576 | 161.433.851 | 172.873.335 |
| Skammtímaskuldir | 8.855.334 | 7.624.194 | 11.035.643 | 12.322.922 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 210.651.760 | 232.505.025 | 254.101.808 | 268.539.362 |

Sjóðstreymi

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun | Þriggja ára áætlun | | |
|--|----------------|--------------------|----------------|----------------|
| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrarhreyfingar | 7.839.230 | 8.898.548 | 10.114.936 | 10.917.459 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (36.146.674) | (27.985.113) | (27.852.203) | (21.127.613) |
| Fjármögnunarahreyfingar | 28.363.317 | 19.067.158 | 17.792.117 | 10.223.299 |
| Breyting á handbæru fé | 55.873 | (19.407) | 54.850 | 13.145 |
| Handbært fé (fjárförf) í árslok | 157.473 | 138.066 | 192.916 | 206.061 |

Áætlun Orkuveitu Reykjavíkur (OR) fyrir tímabilið 2009-2011 gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti í starfsemi fyrirtækisins. Verulegar fjárfestingar verða í nýjum raforkuverum og eykst sala raforku að sama skapi. Gert er ráð fyrir að tekjur samstæðunnar vaxi úr 23 makt. árið 2008 í 29 makt. 2011, eða um 27%. Áætlunin er gerð á föstu verðlagi og er því um áætlaða raunaukningu tekna að ræða. Jafnframt er áætlunin reiknuð út frá föstu gengi. Heildarfjárfesting í orkuverum á tímabilinu er áætluð 55 makt.

Orkuverin sem um ræðir eru á Hengilssvæðinu. Nú er í vinnslu rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á vegum ríkisvaldsins. Niðurstaða verkefnisstjórnar á að liggja fyrir um mitt ár 2009 og mun hún væntanlega ráða miklu um framtíðarmöguleika OR til frekari uppbyggingar raforkuvinnslu hér á landi.

Í ljósi umræða um lánsfjárskort á alþjóðlegum mörkuðum er rétt að geta þess að þegar hefur verið samið við Evrópska fjárfestingarbankann og Evrópska þróunarbankann um fjármögnun þeirra virkjanaáfangna sem teknir verða í notkun á árunum 2008 og 2009 og hafa bankarnir lýst áhuga á að standa einnig að fjármögnun síðari áfanga. OR nýtur afar góðra kjara á fjármögnun sinni. Ekki er útlit fyrir verulegar breytingar í þeim efnum.

Áætlunin gerir ráð fyrir rekstrarafgangi öll árin og að arðgreiðslum verði háttáð með sama hætti og verið hefur.

Uppbygging dreifikerfa á tímabilinu verður nokkur eða sem nemur 21 makt. Sú fjárhæð dreifist tiltölulega jafnt yfir tímabilið eða sem næst 7 makt. á ári. Mest fé er lagt í uppbyggingu ljósleiðaratenginga til heimila. Gert er ráð fyrir að á árunum 2009 til 2011 verði lokið við tengingu um 10 þúsund heimila á ári. Er það sami fjöldi og lokið var við að tengja árið 2007. Önnur fjárfesting í veitukerfum er einnig innan núverandi veitusvæðis.

Ekki er gert ráð fyrir kaupum eða sölu hlutafjár. Stjórn hefur ákveðið að hverfa frá því að leita tilboða í Gagnaveitu Reykjavíkur og óvíst er með hlut OR í Hitaveitu Suðurnesja, endanlega stærð hans, meðferð hans í ljósi væntanlegra orkulaga og hugsanlegar kvaðir af hálfu Samkeppniseftirlitsins sem upplýst hefur að hún hafi kaup OR á hlutunum til skoðunar.

Samkeppni í raforkusölu mun setja mark sitt á rekstur orkufyrirtækja á þessu tímabili og OR stefnir að áframhaldandi aukinni markaðshlutdeild í raforkusölu á tímabilinu.

Áfram verður lögð áhersla á að auka og bæta þjónustu við viðskiptavinum fyrirtækisins samfara góðri afkomu. Sem fyrr verður rík áhersla lögð á gæða- og umhverfismál í vottuðu rekstrarkerfi OR og samstarf við háskóla og rannsóknarstofnanir til eflingar þekkingar á kjarnastarfssviðum fyrirtækisins, það er umhverfis-, auðlinda-, orku-, og veitumálum.

Strætó bs.

Strætó bs. er 63,7% í eigu Reykjavíkurborgar

Rekstrarreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------|----------------|--------------------|---------------|---------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur | 3.332.310 | 3.032.310 | 3.032.310 | 3.032.310 |
| Rekstrargjöld | (2.899.560) | (2.994.677) | (2.979.676) | (2.897.018) |
| Fjármagnsliðir | (83.901) | (53.363) | (45.102) | (36.953) |
| Hagnaður / (Tap) | 348.849 | (15.730) | 7.532 | 98.339 |

Efnahagsreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|------------------|--------------------|----------------|----------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fastafjármunir | 872.537 | 702.421 | 597.304 | 574.847 |
| Veltufjármunir | 398.128 | 375.930 | 315.619 | 265.501 |
| Eignir samtals | 1.270.665 | 1.078.351 | 912.924 | 840.347 |
| Eigið fé | (175.206) | (190.936) | (183.404) | (85.065) |
| Langtímaskuldir | 1.032.999 | 860.040 | 689.125 | 673.768 |
| Skammtímaskuldir | 412.873 | 409.246 | 407.203 | 251.644 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 1.270.665 | 1.078.351 | 912.924 | 840.347 |

Sjóðstreymi

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|---------------------------------------|----------------|--------------------|-------------------|-------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrarhreyfingar | (1.182.674) | (1.296.613) | (1.288.352) | (1.280.203) |
| Fjárfestingarhreyfingar | 0 | (50.000) | (100.000) | (100.000) |
| Fjármögnunarhreyfingar | 1.431.862 | 1.324.415 | 1.328.041 | 1.330.085 |
| Breyting á handbæru fé | 249.188 | (22.198) | (60.310) | (50.119) |
| Handbært fé (fjárför) í árslok | 249.189 | 226.991 | 166.680 | 116.562 |

Þriggja ára áætlun er gerð fyrir starfsemi byggðasamlagsins. Meginforsendur áætlunarinnar eru þær að í grunninn á áætlunin bakland í útkomu ársins 2007 og í fjárhagsáætlun ársins 2008. Umfang þjónustunnar er sambærilegt við það sem er á árunum 2007 og 2008. Vísað er til þess að samstaða sé með íbúum svæðisins og kjörnum fulltrúum um nauðsyn góðrar þjónustu strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu. Fólksfjölgun verði um 1% á ári ásamt því að atvinnuleysi aukist lítillega. Neysluvísitala og vísitala gengis muni ekki taka breytingum á tímabilinu. Ekki er tekið tillit til kostnaðarbreytinga sem kunna að koma til vegna kjarasamninga eða vegna meiriháttar verðbreytinga á nauðsynlegum aðföngum.

Áætlunin er því miðuð við sambærilegan akstur og þjónustutíma sem er á árunum 2007-2008. Þrátt fyrir það eru möguleikar fyrir einstök sveitarfélög til breytinga. Komi til aukning eða samdráttur á akstri á tímabilinu þarf að meta áhrif þess á framlög aðildarsveitafélaganna. Vegna kostnaðarskiptireglu geta einstök sveitarfélög aukið eða dregið úr akstri innan marka sveitarfélags samkvæmt fyrirbyggjandi verklagsreglum um framkvæmd og tímasetningar.

Í áætluninni eru kaup á 12 vögnum, alls um 250 mkr. fjárfesting. Í skoðun eru kaup á vögnum sem nota vistvæna orkugjafa sem gætu haft áhrif á þennan lið. Unnið verður að verkefnum sem miða að bættu aðgengi fargjöld sem þá greiðast ekki af notanda beint verði greidd af sveitarfélögunum.

Sérstakt framlag vegna verkefnisins „Frítt í strætó“ greiðist á árunum 2007-2008 samkvæmt samþykkt. Á þessu stigi liggur ekki fyrir samþykkt um framhald þess eða viðbætur, en komi þær til er reiknað með að áætluð fargjöld sem þá greiðast ekki af notanda beint verði greidd af sveitarfélögunum.

Eigið fé félagsins í árslok 2006 var neikvætt um 553 mkr. Eigendur hafa lagt fram aukið stofnfé sem er til greiðslu fram á árið 2009. Á gildistíma áætlunarinnar er miðað við að ná jöfnuði á eigið fé samsvarandi því sem var við stofnun byggðasamlagsins.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er 67,2% í eigu Reykjavíkurborgar

Rekstrarreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------|-------------------|--------------------|-------------------|-------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur | 181.087 | 231.237 | 231.237 | 231.237 |
| Rekstrargjöld | (228.768) | (290.710) | (297.494) | (306.939) |
| Fjármagnsliðir | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hagnaður / (Tap) | (47.681) | (59.473) | (66.257) | (75.702) |

Efnahagsreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|----------------|--------------------|----------------|----------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fastafjármunir | 559.044 | 639.570 | 715.313 | 733.610 |
| Veltufjármunir | 0 | 225 | (1.551) | (26) |
| Eignir samtals | 559.044 | 639.795 | 713.762 | 733.584 |
| Eigið fé | 318.612 | 402.139 | 478.883 | 500.181 |
| Langtímaskuldir | 14.596 | 11.820 | 9.044 | 6.155 |
| Skammtímaskuldir | 225.836 | 225.836 | 225.836 | 227.249 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 559.044 | 639.795 | 713.762 | 733.584 |

Sjóðstreymi

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|---------------------------------------|----------------|--------------------|------------------|------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrarhreyfingar | (76.054) | (92.301) | (94.885) | (97.033) |
| Fjárfestingahreyfingar | (134.700) | (140.000) | (142.000) | (94.000) |
| Fjármögnunarahreyfingar | 210.754 | 235.407 | 235.407 | 189.407 |
| Breyting á handbæru fé | 0 | 3.106 | (1.478) | (1.626) |
| Handbært fé (fjárför) í árslok | 0 | 3.106 | 1.627 | 1 |

Sorpa bs.

Sorpa bs. er 68,3% í eigu Reykjavíkurborgar

Rekstrarreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------|----------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur | 2.040.289 | 2.116.800 | 2.133.500 | 2.150.800 |
| Rekstrargjöld | (1.989.645) | (2.186.470) | (2.247.014) | (2.280.364) |
| Fjármagnsliðir | (18.767) | (3.400) | (86.800) | (119.600) |
| Hagnaður / (Tap) | 31.877 | (73.070) | (200.314) | (249.164) |

Efnahagsreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|------------------|--------------------|------------------|------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fastafjármunir | 1.597.223 | 2.834.353 | 3.187.438 | 3.023.474 |
| Veltufjármunir | 405.960 | 460.112 | 446.669 | 466.709 |
| Eignir samtals | 2.003.183 | 3.294.464 | 3.634.107 | 3.490.183 |
| Eigið fé | 994.618 | 963.648 | 805.433 | 598.369 |
| Langtímaskuldir | 547.817 | 1.964.674 | 2.476.814 | 2.538.954 |
| Skammtímaskuldir | 460.748 | 366.143 | 351.860 | 352.860 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 2.003.183 | 3.294.464 | 3.634.107 | 3.490.183 |

Sjóðstreymi

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|---------------------------------------|-------------------|--------------------|---------------|------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrarhreyfingar | 197.157 | 61.317 | 52.100 | (15.735) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (479.000) | (1.430.000) | (590.000) | (90.000) |
| Fjármögnunarahreyfingar | 249.181 | 1.362.883 | 538.957 | 104.240 |
| Breyting á handbæru fé | (32.662) | (5.800) | 1.057 | (1.495) |
| Handbært fé (fjárför) í árslok | 65.911 | 60.111 | 61.168 | 59.673 |

Magnaukning er áætluð samkvæmt fólksfjölgunarspá Reykjavíkurborgar eða 1,1% árið 2009 en 1,3% hin árin. Tekjuaukning er því samsvarandi og útgjöld vegna móttökustöðvar og urðunar hækka á sambærilegan hátt.

Álfsnes

Ný reglugerð um urðunarstaði tekur gildi 2009. Þar er meðal annars krafist botnþéttingar sem eykur kostnað um 4.000 kr. á hvern m² og rýrir nýtingu hvernar reinar um rúm 7%. Þá tekur í gildi ákvæði um 30 ára ábyrgð á urðunarsvæðinu eftir lokun þess og gjaldtaka vegna hennar. Reiknað er með árlegum kostnaðarauka vegna þessa um ríflega 50 mkr. árin 2009, 2010 og 2011.

Á árinu 2009 verður lagt nýtt stofnræsi sem verður um 1.200m langt. Kostnaður vegna þess er áætlaður 30 mkr. Gert er ráð fyrir að lóð fyrir heildarlausn fái á árinu 2009 og gatnagerðargjöld verði 800 mkr. Undirbúningur

B hluti

og hönnun vegna heildarlausnar er áætlað 150 mkr. og skiptist jafnt á öll árin, það er 50 mkr á ári.

Hafin verður bygging á gasgerðar- og jarðgerðarstöð þar sem heildarkostnaður er áætlaður 1.000 mkr. sem skiptist jafnt á árin 2009 og 2010. Annar árlegur fjárfestingarkostnaður er áætlaður 10 mkr. Ekki er gert ráð fyrir að rekstur jarðgerðar- og grasgerðarstöðvar hefjist fyrr en árið 2011, en gert er ráð fyrir að áhrif á heildarrekstrarkostnað verði hverfandi þar sem rekstrarkostnaður í móttökustöð og á urðunarstað mun lækka á móti.

Endurvinnslustöðvar

Tvær nýjar stöðvar verða teknar í rekstur árið 2009 og launakostnaður hækkar hlutfallslega í samræmi við það. Að auki er gert ráð fyrir að magn um endurvinnslustöðvanna aukist um rúm 8-10% vegna þessa og aukast þá útgjöld vegna gámaleigu, flutninga og móttökugjalda samsvarandi. Sértekjur aukast á móti um rúmlega 10%.

Tvær nýjar stöðvar verða byggðar 2008-2009. Áætlaður fjárfestingarkostnaður endurvinnslustöðvanna árið 2009 er 421 mkr., það er 38 mkr. vegna lóðakaupa í Hafnarfirði árið 2007 og 383 mkr. vegna byggingar nýrra endurvinnslustöðva, breytinga vegna áhættumats og nýtt aðgangskerfi árið 2008. Lán vegna þessara framkvæmda verði tekin til 10 ára og greiðist með jöfnum afborgunum.

Gufunes

Engar stærri tækjabreytingar eru fyrir séðar á tímabilinu 2009-2011 en reiknað er með árlegri þörf upp á 30mkr.

Vert er að vekja athygli á að áætlun Sorpu gerir ráð fyrir verulegri lánsfjárförf.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er 64,1% í eigu Reykjavíkurborgar

Rekstrarreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun | Þriggja ára áætlun | | |
|-------------------------|-------------------|--------------------|---------------|---------------|
| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrartekjur | 1.691.366 | 1.809.638 | 1.818.992 | 1.818.992 |
| Rekstrargjöld | (1.661.851) | (1.748.070) | (1.746.267) | (1.750.983) |
| Fjármagnsliðir | (45.612) | (64.670) | (62.015) | (59.359) |
| Hagnaður / (Tap) | (16.097) | (3.102) | 10.710 | 8.650 |

Efnahagsreikningur

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun | Þriggja ára áætlun | | |
|------------------------------------|------------------|--------------------|------------------|------------------|
| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
| Fastafjármunir | 1.882.881 | 2.210.474 | 2.201.691 | 2.178.762 |
| Veltufjármunir | 187.373 | 134.393 | 98.295 | 74.853 |
| Eignir samtals | 2.070.254 | 2.344.867 | 2.299.986 | 2.253.615 |
| Eigið fé | 862.694 | 859.592 | 870.302 | 878.952 |
| Langtímaskuldir | 1.048.805 | 1.345.404 | 1.292.002 | 1.238.600 |
| Skuldbindingar | (428) | (4.438) | (6.628) | (8.247) |
| Skammtímaskuldir | 159.183 | 144.310 | 144.310 | 144.310 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 2.070.254 | 2.344.867 | 2.299.986 | 2.253.615 |

Sjóðstreymi

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2008 | Þriggja ára áætlun | | |
|--|-------------------|--------------------|-------------------|-------------------|
| | | 2009 | 2010 | 2011 |
| Rekstrarhreyfingar | (614.837) | (671.268) | (653.329) | (650.712) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (321.814) | (422.418) | (82.418) | (72.418) |
| Fjármögnunarhreyfingar | 897.882 | 1.062.406 | 699.688 | 699.688 |
| Breyting á handbæru fé | (38.769) | (31.280) | (36.059) | (23.442) |
| Handbært fé (fjárförf) í árslok | 99.575 | 68.295 | 32.237 | 8.795 |

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) er stækkandi starfssvæði þar sem mikil uppbygging og aukinn fólksfjöldi undanfarin ár hefur haft í för með sér aukið álag á starfsemina, bæði á eldvarnaeftirlit og aðra forvarnastarfsemi sem og útkallsstarfsemina, sjúkraflutninga og slökkvilið.

Fjöldi sjúkraflutninga hefur aukist að meðaltali um rúmlega 4% milli ára síðastliðin 5 ár. Þetta er stöðug aukning sem gera má ráð fyrir að haldi áfram næstu árin, meðal annars sökum stækkandi hlutfalls eldri borgara. Aukningin hefur verið enn meiri í útköllum slökkviliðs en sú aukning er hins vegar sveiflukenndari og ófyrirsjáanlegri þar sem þættir eins og veðurfar hefur þar mikil áhrif. Uppbygging nýrra hverfa hefur stækkað starfssvæði SHS töluvert og gert illmögulegt að standa þær þjónustukröfur sem til þess eru gerðar við núverandi aðstæður.

Stjórn SHS hefur tekið þá ákvörðun að ráðast í byggingu tveggja nýrra slökkvistöðva sem taka á í notkun haustið 2009 og þess í stað leggja niður slökkvistöð við Tunguháls í Reykjavík. Þessi ákvörðun var tekin til þess að bregðast við stækkandi starfssvæði slökkviliðsins og auknu álagi. Við þessa breytingu er nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum í útkallsliði SHS um 16 til 20 en nú þegar hefur verið fjölgað um tvo starfsmenn á forvarnarsviði. Í þriggja ára áætlun SHS er gert ráð fyrir auknu framlagi upp á 10,9% frá hverju aðildarsveitarfélagi SHS á árinu 2009 en það er gert til þess að standa straum af þeirri útgjaldaaukningu sem hlýst af fjölgun slökkvistöðva, bæði í fjárfestingum og rekstrarkostnaði.

Stjórn SHS hefur lagt áherslu á að fundnar verði bestu staðsetningarnar fyrir þessar stöðvar til þess að sú fjárfesting sem þetta felur í sér nýtist sem best. En staðsetning nýju slökkvistöðvanna hefur afgerandi áhrif á möguleika SHS til að halda niðri viðbragðstímanum. Samkvæmt líkanareikningum má gera ráð fyrir að meðalalaksturstími í hvert útkall styttest um rúmlega 20% við að slökkvistöðvar við Stekkjarbakka í Reykjavík og Skarhólabraut í Mosfellsbæ leysi slökkvistöðina við Tunguháls af hólmi. Þetta skýrist fyrst og fremst af því að Stekkjarbakki er afburðastaðsetning varðandi íbúafjölda innan þjónustusvæðisins. Staðsetning slökkvistöðvar við Skarhólabraut gerir það að verkum að sambærilegt þjónustustig næst í Mosfellsbæ og öðrum aðildarsveitarfélögum SHS. Stjórn SHS hefur því falið slökkviliðsstjóra að sækja um lóðir við Stekkjarbakka í Reykjavík og Skarhólabraut í Mosfellsbæ.



